



ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

RAFORKUSPÁ 1996-2020

**Endurreikningur á spá frá 1992 út frá
nýjum gögnum og breyttum forsendum**

Orkuspárnefnd

OS-96060/OBD-02 B

Október 1996



ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 550 941

RAFORKUSPÁ 1996-2020

**Endurreikningur á spá frá 1992 út frá
nýjum gögnum og breyttum forsendum**

Orkuspárnefnd

OS-96060/OBD-02 B

Október 1996

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	3
TÖFLUSKRÁ	4
1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	5
2 FORSENDUR	7
3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN	11
4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1992	18
RITASKRÁ	22
VIÐAUKI 1, RAFORKUVINNSLA ÁRSINS 1995 GREIND NIÐUR Á VIRKJANIR OG MÁNUÐI	23
VIÐAUKI 2, RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 1995 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG RAFVEITUR.....	27
VIÐAUKI 3, RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 1995 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG LANDSHLUTA.....	33
VIÐAUKI 4, ALMENN RAFORKUNOTKUN ÁRANNA 1985-1995 SKIPT NIÐUR Á FORGANGSORKU OG ÓTRYGGÐA ORKU	39
VIÐAUKI 5, NOTKUN SKIPT NIÐUR Á SÖLUSTAÐI FRÁ MEGINFLUTNINGSKERFINU	41
VIÐAUKI 6, AFLÞÖRF RAFORKUKERFISINS Á ÁRINU 1995.....	49
VIÐAUKI 7, FORSENDUR RAFORKUSPÁR FRÁ 1992 OG BREYTINGAR SEM GERÐAR VORU VIÐ ENDURREIKNING.....	63

TÖFLUSKRÁ

1	Spá um raforkunotkun, forgangsorka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi stóriðja.....	12
2	Spá um raforkunotkun, forgagns- og ótryggð orka	13
3	Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka	14
4	Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangs- og ótryggð orka	15
5	Spá um almenna raforkunotkun, forgangsorka, greind niður á landshluta	16
6	Spá um almenna raforkunotkun, forgangs- og ótryggð orka, greind niður á landshluta	17
7	Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá	19
8	Breytingar á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, greind niður á flokka.....	20
9	Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá, greind niður á landshluta	21

1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Raforkuhópur Orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 1992, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar).

Raforkuvinnsla rafveitna á síðasta ári var alls 4.977 GWh og þar af var vinnsla Landsvirkjunar 4.650 GWh. Raforkunotkun síðasta árs, að frátalinni ótryggðri orku stóriðjufyrirtækja og breytingum á forgangsorkunotkun þeirra (710 GWh með töpum), var heldur meiri en miðað var við í raforkuspá Orkuspárnefndar frá 1992 eða 4.267 GWh í stað 4.177 GWh eins og spáð var, og eru töp við flutning og dreifingu orkunnar meðtalin. Hitastigsleiðréttingu skýrir um 24 GWh af þessari aukningu. Eigin notkun Landsvirkjunar hefur verið greind frá flutningstöpunum og þess í stað talin með almennri notkun frá og með árinu 1994. Flutningstöpin lækka því en á móti hækkar almenna notkunin og skýrir þessi breyting á meðferð flutningstapa 10 GWh sem annars hefðu verið talin sem töp vegna ótryggðrar orku stóriðjufyrirtækja. Á sambærilegum grunni var spáin því 56 GWh lægri en notkunin á síðasta ári en almenna notkunin með töpum hefur aukist um 265 GWh frá því spáin kom út. Þau fjögur ár sem liðin eru síðan spáin kom út hefur hún verið of lág og hefur slíkt ekki gerst áður.

Notkun stóriðju á forgangsorku var 67 GWh minni en spáin gerði ráð fyrir vegna þess að hluti notkunar hjá Áburðarverksmiðjunni er nú talinn með ótryggðri orku en á móti því hefur samningur við Járblendifélagið breyst þannig að forgangsorka er nú 28 GWh meiri en áður. Aukning almennrar notkunar er um fjórðungi meiri en spáð var vegna verulega aukinnar sölu á ótryggðri orku til almennra nota.

Á undanförnum árum hefur raforkuhópurinn beitt sér fyrir því að teknar væru upp símælingar á afli á tölvutæku formi. Markmið hópsins er að öll raforkuvinnsla á landinu verði mæld með þeim hætti auk heildsölu rafveitna. Þessi uppbygging er nú vel á veg komin og nú er það í annað sinn sem slíkar upplýsingar um mest alla raforkuvinnsluna auk heildsölu raforku liggja fyrir.

Á síðasta ári varð aflþörf raforkukerfisins mest þann 11. nóvember milli klukkan 18 og 19 og varð þá meðalálág á orkuver kerfisins 737 MW og hafði aukist úr 712 MW árið á undan. Aflþörf almenningsveitna var þá 419 MW (var 403 MW árið 1994), þörf stóriðjufyrirtækja var 287 MW og töp í flutningskerfinu voru því 30 MW eða um 4 %.

Raforkunotkun og aflþörf á veitusvæðum einstakra rafveitna hefur einnig verið áætluð en þær niðurstöður eru ekki birtar hér heldur hefur hver veita fengið niðurstöður varðandi sitt veitusvæði.

Raforkuspáin hefur heldur hækkað frá útgefinni spá við þennan endurreikning sem stafar aðallega af nýjum samningum um sölu á ótryggðri orku til almennra notenda. Frá 1991 hefur þessi notkun aukist um 96 GWh eða um tæplega 50% og á þessu og næsta ári er áætlað að hún aukist um 61 GWh til viðbótar. Einnig ber að hafa í huga að nú er gert ráð fyrir meiri hagvexti en í spánni frá 1992 og skilar það sér í aukinni notkun.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd raforkuvinnsla á landinu árið 1995. Í viðauka 2 er raforkunotkun á landinu árið 1995 greind niður á notkunarflokkka og rafveitur. Í viðauka 3 er notkunin greind niður á notkunarflokkka og landshluta. Í viðauka 4 er almennri raforkunotkun skipt niður á forgangsorku og ótryggða orku. Í viðauka 5 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á sölustaði frá meginflutningskerfinu. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu á árinu 1995 í viðauka 6. Í viðauka 7 eru helstu forsendur spárinnar sýndar ásamt þeim breytingum sem nú voru gerðar.

Vinnslu efnis og frágang texta hefur Jón Vilhjálmsson hjá Verkfræðistofunni AFLi annast.

2 FORSENDUR

Sett hafa verið inn í orkuspárlíkanið ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á forsendum raforkuspárinna:

- 1) **Landsframleiðsla:** Varðandi árið 1997 er tekið mið af áætlunum Þjóðhagsstofnunar samkvæmt nýútkominni Þjóðhagsáætlun. Miðað er þar við að landsframleiðsla aukist um 5,5% árið 1996 og um 2,5% tímabilið 1997-2001 og er tekið mið af þessum tölum hér. Veruleg óvissa er ætíð í áætlunum um hagvöxt og er hér miðað við að verndun þorsstofnsins skili árangri á næstu árum og að hann verði kominn upp í fulla stærð árið 2010.
- 2) **Mannfjöldi:** Miðað er við að fólksflutningar að og frá landinu verði í jafnvægi í stað þess að fleiri flytji frá landinu en til þess. Þetta er í samræmi við þróunina árin 1991 til 1994 en árið 1991 fluttu um eitt þúsund fleiri til landsins en frá því, árið 1992 fluttu 250 fleiri frá landinu en til þess og flutningar voru í sömu átt árið 1993 um 200 manns. Árið 1994 jukust síðan flutningar frá landinu og fluttu um 760 fleiri frá landinu og árið 1995 hélt þessi þróun áfram og fluttu þá rúmlega 1.400 fleiri frá landinu en til þess. Síðustu fjögur árin hafa því um 650 fleiri flutt að meðaltali ár hvert frá landinu en til þess. Árið 1996 hefur síðan komist jafnvægi á þessa flutninga að nýju. Mannfjöldaspánni er þar að auki breytt út frá raunverulegum fólksfjölda síðustu fjögur árin. Aftur á móti hafa fæðingar verið fleiri en miðað var við sem gerir það að verkum að mannfjöldi á landinu er meiri en búist var við þrátt fyrir flutninga fólks frá landinu.
- 3) **Atvinnustarfsemi:** Settar hafa verið inn nýjar rauntölur varðandi atvinnustarfsemina þar sem slíkt liggur fyrir. Dregið var úr framleiðniaukningu í hefðbundnum greinum landbúnaðar og gert ráð fyrir minni aukningu í ylrækt auk þess sem landbúnaðarframleiðsla næstu ára hefur verið breytt út frá rauntölum síðustu ára. Varðandi fiskveiðar og vinnslu hafa verið notaðar sömu forsendur og í nýútkominni eldsneytisspá nema hvað áætlaður afli á allra næstu ára hefur verið samræmdur forsendum Þjóðhagsstofnunar. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við.
- 4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Ekki hefur verið breytt hlutfalli húsrýmis sem ekki er hitað. Skipting niður á orkugjafa hefur nokkuð verið breytt þannig að hlutur raforku við hitun íbúðarhúsnæðis hefur minnkað. Einnig hefur hlutfallsleg orkunotkun við rafhitun verið minnkuð. Rafhitun hefur yfirleitt

reynst minni en ráð er fyrir gert í raforkuspánni. Með því að greina þá gjaldskrárliði sem tilheyra húshitun niður á notkunarflokkka hafa fengist betri gögn en áður um hitun atvinnuhúsnæðis og hefur þá komið í ljós að þessi hitun hefur verið vanáætluð. Húsrými í fasteignamati vex hraðar en orkunotkunin en ekki hefur verið farið út í að auka húsrými sem ekki er hitað. Gert hefur verið ráð fyrir nýrri kyntri veitu á Ísafirði en hún verður tekin í notkun á þessu ári og miðað er við að árið 1998 verði einnig farið að nota orku frá sorpbrennslu hjá þeirri veitu. Unnið hefur verið að endurskoðun húshitunrspár og hafa niðurstöður þeirrar vinnu verið notaðar hér.

- 5) **Raforkunotkun heimila:** Spá um hlutfallslega raforkunotkun heimila til annars en hitunar hefur verið augin þar sem hún hefur aukist hraðar en ráð var fyrir gert. Á Norðurlandi er notkun varmadælu og katla hjá Hitaveitu Akureyrar nú talin til veitna sem lækkar notkunina í þessum flokki. Raforkunotkun heimila var 30 GWh minni árið 1995 en spáin frá 1992 gerði ráð fyrir vegna minni notkunar til hitunar.
- 6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Veruleg aukning varð á raforkunotkun við garðyrkju og ylækt árin 1992 og 1993 bæði vegna þess að notkunin jókst og líklega einnig vegna þess að greining á notkunarflokkka fékkst í fyrsta sinn frá Rafveitu Hveragerðis fyrir árið 1993. Á síðasta ári jókst þessi notkun um 1 GWh eftir að hafa staðið í stað árið 1994. Raforkunotkun í landbúnaði var 21 GWh meiri árið 1995 en ráð var fyrir gert en hafa ber í huga að erfitt er að greina á milli landbúnaðar og heimilisnotkuna. Samdráttur í landbúnaði hefur ekki komið fram í raforkunotkun greinarinnar sem hefur að mestu staðið í það á undanförunum árum. Því má ætla að nokkuð sé um að raforkunotkun í dreifbýlinu sé talin til landbúnaðar hjá þeim aðilum þar sem landbúnaður er ekki meginstarfsemi ábúenda á jörðum.
- 7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Ekki er gert ráð fyrir að Stálfélagið hefji rekstur að nýju. Í raforkuspánni var miðað við 12 GWh árið 1993 og síðar. Rafvæðing fiskimjölsværksmiðja er talin verða meiri nú en í spánni eða að notkunin aukist í rúmar 100 GWh á næsta ári og verði óbreytt eftir það. Í raforkuspánni frá 1992 var miðað við að þessi notkun væri komin í um 30 GWh við aldamót og 80 GWh árið 2020. Samtals er spáð hér að sala á ótryggðri orku til iðnaðar aukist um 46 GWh á árunum 1996 og 1997 og eru 44 GWh vegna nýrrar fiskimjölsværksmiðju í Helguvík og vegna aukinnar notkunar hjá þeim værksmiðjum sem þegar eru með slíka samninga. Raforkunotkun í iðnaði var 39 GWh hærri á síðasta ári en spáð var og stafar það af aukinni sölu á ótryggðri orku.

- 8) **Þjónusta:** Engar breytingar hafa verið gerðar á forsendum varðandi orkunotkun þjónustugreina. Aukinn hagvöxtur skilar sér í aukinni notkun þjónustugreina og á það einnig við um almennan iðnað. Notkun í þjónustu hefur reynst mun meiri en spáð var og árið 1995 var munurinn 44 GWh. Sala á ótryggðri orku til þjónustustarfsemi nam um 2 GWh á síðasta ári og gert er ráð fyrir að sú sala verði komin í 8 GWh á næsta ári en hér er aðallega um að ræða hitun skóla og sundlauga.
- 9) **Veitur:** Kyntar hitaveitur keyptu meiri raforku árið 1995 en spáin miðaði við og jókst notkunin þar úr 158 GWh árið 1991 í 180 GWh árið 1995. Nú er notkun Hitaveitu Akureyrar einnig talin hér með (sem kynt veita) en þar var um 10 GWh aukning að ræða á þessu tímabili. Gert er ráð fyrir að ný kynt veita hefji starfsemi nú í haust á Ísafirði og færist þá notkun frá beinni rafhitun yfir til veitna. Árið 1998 er síðan gert ráð fyrir að veitan verði tengd sorpbrennslustöð og þar með sér stöðin fyrir stórum hluta af varmaþörf veitunnar. Þar að auki hafa nú fengist meiri upplýsingar um eigin notkun rafveitna en áður. Í annað skipti hafa fengist upplýsingar um eigin notkun Landsvirkjunar og er hún talin hafa verið 72 GWh á síðasta ári en hún var áætluð 56 GWh árið 1994 og flyst því þessi notkun frá flutningstöpum yfir í þennan flokk. Þessi flokkur var á síðasta ári 86 GWh hærri en spáin gerði ráð fyrir og er það eigin notkun Landsvirkjunar sem veldur því fráviki að mestu.
- 10) **Annað:** Notkun hjá varnarliðinu er nú lækkuð þannig að hún stendur í stað út spátímabilið. Notkunin árið 1995 í þessum flokki var alls 3 GWh meiri en spáin frá 1992 gerði ráð fyrir.
- 11) **Dreifitöp:** Dreifitöp voru lækkuð á Suðurnesjum (10,1% í 7,0%), vegna þess að aðflutningskerfið hefur verið endurnýjað, á höfuðborgarsvæðinu (7,4% í 5,2%) og á Norðurlandi (9,7% í 7,4%). Dreifitöp voru hækkuð á Vesturlandi (8,6% í 9,0), á Vestfjörðum (12,0% í 15,6%), á Austurlandi (8,0% í 11,0%) og Suðurlandi (10,2% í 10,8%). Hafa ber þó í huga að nú er ótryggð orka greind frá forgangsorkunni og eiga tölurnar 1995 við forgangsorkuna en miðað er við 4,5% töp við dreifingu á ótryggðri orku. Dreifitöp hafa farið minnkandi en á síðasta ári jukust þau að nýju en hafa verður í huga að veruleg óvissa er í þeim og þau geta þess vegna sveiflast nokkuð á milli ára. Einnig hafa veiturnar bætt skráningu á eigin notkun og færist hún þá frá Dreifitöpum yfir í Veitur eins og áður er komið fram. Töpin voru 12 GWh minni á síðasta ári en spáð var en í raun er hér að stærstum hluta um flutning yfir í aðra flokka að ræða, aðallega Veitur.
- 12) **Orkunotkun stóriðju:** Íslenska álfélagið, Íslenska járnblendifélagið og Áburðarverksmiðjan hf. notuðu forgangsorku að fullu á síðasta ári. Nú eru

teknar inn breytingar sem gerðar hafa verið á samningum á orkusölu til þessara fyrirtækja. Forgangsorka til Íslenska álfélagsins eykst í 2.433 GWh árið 2000 úr 1.307 GWh en ótryggð orka minnkar á næstu árum í 238 GWh en sú notkun var 322 GWh árið 1995. Á meðan á stækkun álversins stendur verður notkun vegna framkvæmdanna innifalin í stóriðjunotkuninni enda er þessi þáttur sölunnar ekki greindur frá notkun verksmiðjunnar. Forgangsorka Íslenska járnblendifélagsins er aukin í 284 GWh úr 256 GWh og átti þessi breyting sér stað árið 1993. Ótryggð orka er 356 GWh allt spátímabilið en sú notkun var 351 GWh árið 1995. Áætluð orkunotkun Áburðarverksmiðjunnar er nú skipt niður á forgangs- og ótryggð orku og er þar um að ræða 40 GWh og 95 GWh. Þar að auki er gert ráð fyrir að verksmiðjan hætti starfsemi árið 1998 en samningur um orkukaup við Landsvirkjun rennur út nú um áramótin. Aflþörf þessara fyrirtækja er breytt í samræmi við aukna orkunotkun.

- 13) **Flutningstöp:** Eigin notkun Landsvirkjunar er nú í annað sinn tekin út úr flutningstöpunum en þar var um að ræða 72 GWh á síðasta ári og 56 GWh árið 1994 og telst sú notkun nú til veitna. Flutningstöpin hafa af þessum sökum verið lækkuð úr 4,1% í 2,8%. Ekki liggja fyrir aflmælingar á eigin notkuninni og er aflþörf hennar því enn talin með töpunum.
- 14) **Aflþörf:** Aflþörf raforkukerfisins í heild á síðasta ári hefur verið metin út frá ítarlegum gögnum og er þetta í annað sinn sem nákvæmar tölur liggja fyrir um hana. Aflþörfin reyndist heldur minni á síðasta ári en spáin gerði ráð fyrir en hún var 1 MW meiri en spáð var þegar einungis er litið á almennu notkunina. Nýtingartími almennrar notkunar alls er því hækkaður nú í 5.800 stundir úr 5.670 stundum. Nánari upplýsingar um aflþörfina er að finna í viðauka 6. Í viðauka 5 hefur verið bætt við töflum sem sýna aflþörfina á hverja aðveitustöð á mesta álagstíma.
- 15) **Ótryggð orka til almennra nota:** Nú er ótryggð orka til almennra nota í fyrsta sinn greind frá forgangsorku og er þá miðað við þá samninga sem gerðir hafa verið um slíka sölu. Einungis eru teknir með þeir samningar sem þegar hafa verið gerðir um slíka notkun. Samningar sem hafa verið í gildi á undanförunum árum hafa ekki verið fullnýttir og er tekið tillit til þess við að meta þessa notkun. Orkukaup Hitaveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum eru þó ekki talin hér með heldur flokkuð með forgagnsorkunni enda mun raforkuverið þar sjá fyrir þeirri notkun þegar það hefur vinnslu. Einnig hefur verið unnið frekar úr afgögnunum og því skipt á samsvarandi hátt niður á þessa þætti.

3 **ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN**

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 1 til 4. Tafla 1 sýnir notkunina á landinu næstu árin samkvæmt spánni þar sem hún er greind niður á almenna notkun með dreifitöpum, núverandi stóriðju og flutningstöp. Einungis er um forgangsorku að ræða bæði varðandi almenna markaðinn og stóriðju. Í töflu 2 er ótryggð orkan meðtalin og kemur þar því fram heildarvinnslu raforku á landinu. Í útgefinni raforkuspá voru ekki þessar töflur heldur var sýnd öll almenn notkun og forgangsorka til stóriðju. Hafa verður í huga að verulegar sveiflur geta verið í sölu á ótryggðri orku sem ekki er hægt að taka tillit til í spá sem þessari. Áætlað er að orkuvinnsla vegna sölu á ótryggðri orku og samkvæmt sérstökum samningum hafi numið um 1.091 GWh árið 1995 (Hitaveita Reykjavíkur ekki meðtalin) og hér er miðað við að þessi þáttur minnki nokkuð samhliða því sem nýr samningur tekur gildi hjá Íslenska álfélaginu og þegar starfsemi Áburðarverksmijunnar leggst af en fari síðan vaxandi að nýju. Áætluð aflþörf stóriðju á spátímabilinu er samkvæmt samningum sem nú eru í gildi. Í töflu 2 er miðað við að stóriðjufyrirtækin nýti sér að fullu samninga um kaup á ótryggðri orku.

Tafla 3 sýnir almennu notkunina greinda niður á einstaka þætti og nær hún einungis til forgangsorku. Þar kemur fram að aukning forgangsorku er áætluð 1,1 % árið 1996 og 2,0 % næstu ár þar á eftir. Lítil aukning árið 1996 stafar af því að árið 1995 var kalt og notkunin því óvenju mikil það ár. Í töflu 4 er sýnd bæði forgangs- og ótryggð orka til almennra nota og kemur þá fram meiri aukning á þessu og næsta ári vegna nýrra samninga um ótryggð orku og vegna aukningar á núverandi samningum eins og áður er komið fram.

Almennri raforkunotkun, að meðtöldum dreifitöpum, er skipt niður á landshluta í töflum 5 og 6 og sýnir fyrri taflan forgagnsorku en sú seinni alla orku. Þar kemur fram að áætlað er að notkun alls aukist verulega á Suðurnesjum og Austurlandi árið 1996 vegna aukinnar sölu á ótryggðri orku.

Töflunum hér að aftan hefur nú verið breytt þannig að bætt hefur verið inn árunum 2001 til 2004.

Tafla 1 Spá um raforkunotkun, forgagnsorka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi stóriðja (* Rauntölur).

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh+	MW	GWh	MW	GWh+	MW	GWh	MW
1985*	1.668		1.528		134		3.330	
1986*	1.737		1.597		142		3.476	
1987*	1.797		1.603		150		3.550	
1988*	1.914		1.603		159		3.676	
1989*	1.928		1.603		158		3.689	
1990*	1.948		1.603		152		3.703	
1991*	1.965		1.603		147		3.715	
1992*	2.006		1.603		150		3.759	
1993*	2.023		1.631		143		3.797	
1994*	2.086	367	1.631	195	107	23	3.824	585
1995*	2.153	380	1.631	195	102	24	3.886	599
1996	2.176	384	1.631	195	110	26	3.917	602
1997	2.219	391	2.012	313	122	29	4.352	730
1998	2.262	399	2.644	307	141	33	5.047	735
1999	2.307	407	2.675	311	144	34	5.126	748
2000	2.358	416	2.717	316	146	34	5.221	762
2001	2.408	425	2.717	316	148	35	5.272	771
2002	2.456	433	2.717	316	149	35	5.322	780
2003	2.506	442	2.717	316	150	35	5.374	789
2004	2.558	451	2.717	316	152	36	5.427	799
2005	2.612	461	2.717	316	154	36	5.482	809
2010	2.888	509	2.717	316	161	38	5.767	859
2015	3.182	561	2.717	316	170	40	6.069	913
2020	3.497	617	2.717	316	179	42	6.393	970

+ Eigin notkun Landsvirkjunar innifalin í flutningstöpunum árin 1985-93.

Tafla 2 Spá um raforkunotkun, forgangs- og ótryggð orka (*Rauntölur).

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh+	MW	GWh	MW	GWh+	MW	GWh	MW
1985*	1.770		1.917		150		3.837	
1986*	1.847		2.050		160		4.058	
1987*	1.912		2.070		170		4.152	
1988*	2.043		2.186		187		4.416	
1989*	2.080		2.208		187		4.475	
1990*	2.130		2.133		182		4.447	
1991*	2.169		2.083		175		4.427	
1992*	2.233		2.125		182		4.540	
1993*	2.253	393	2.290	283	180	30	4.723	698
1994*	2.337	404	2.303	283	134	29	4.774	712
1995*	2.458	421	2.390	289	129	30	4.977	737
1996	2.497	440	2.407	285	141	33	5.045	755
1997	2.587	456	2.827	395	156	37	5.570	862
1998	2.631	464	3.223	374	169	40	6.022	873
1999	2.678	472	3.260	379	171	40	6.109	887
2000	2.731	482	3.311	385	174	41	6.216	903
2001	2.783	491	3.311	385	176	41	6.270	913
2002	2.834	500	3.311	385	177	42	6.322	922
2003	2.886	509	3.311	385	179	42	6.376	931
2004	2.940	519	3.311	385	180	42	6.431	941
2005	2.996	528	3.311	385	182	43	6.489	951
2010	3.286	579	3.311	385	190	45	6.787	1.004
2015	3.588	633	3.311	385	199	47	7.098	1.059
2020	3.914	690	3.311	385	208	49	7.434	1.119

+ Eigin notkun Landsvirkjunar innifalin í flutningstöpunum árin 1985-93.

Tafla 3 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Ión- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Afl- þörf MW
1990*	254.788	528	181	364	401	118	166	1.758	190	1.948		
1991*	257.965	528	178	359	420	126	170	1.781	184	1.965	0,9	
1992*	261.103	543	179	341	441	138	165	1.807	199	2.006	2,1	
1993*	263.785	559	185	350	459	130	163	1.846	177	2.023	0,9	
1994*	266.006	556	181	355	475	193	169	1.931	156	2.086	3,1	364
1995*	267.380	559	183	356	489	213	171	1.971	182	2.153	3,2	384
1996	269.875	560	179	369	506	212	175	2.002	175	2.176	1,1	388
1997	272.292	569	174	380	526	215	177	2.041	177	2.219	2,0	395
1998	274.627	581	170	387	545	219	180	2.081	181	2.262	2,0	403
1999	276.881	590	168	393	565	224	182	2.123	184	2.307	2,0	411
2000	279.060	600	167	403	585	230	185	2.170	188	2.358	2,2	420
2001	281.163	610	165	415	604	233	188	2.216	192	2.408	2,1	429
2002	283.194	621	164	426	624	235	192	2.261	195	2.456	2,0	438
2003	285.153	631	163	438	644	237	195	2.207	199	2.506	2,0	447
2004	287.041	642	161	449	664	239	199	2.355	203	2.558	2,1	456
2005	288.852	653	160	460	687	242	203	2.405	207	2.612	2,1	466
2010	297.340	707	154	524	795	254	227	2.662	227	2.888	2,0	515
2015	305.283	762	150	584	912	268	259	2.935	247	3.182	1,9	567
2020	312.502	816	146	651	1.033	279	304	3.229	269	3.497	2,0	623

Tafla 4 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka og ótryggð orka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Afl- þörf MW
1990*	254.788	528	181	395	401	264	166	1.934	197	2.131	2,3	387
1991*	257.965	528	178	396	420	284	170	1.977	192	2.169	1,8	380
1992*	261.103	543	179	389	442	309	165	2.026	208	2.234	3,0	390
1993*	263.785	559	185	400	460	301	163	2.068	187	2.255	0,9	393
1994*	266.006	556	181	416	476	371	169	2.171	166	2.337	3,6	401
1995*	267.380	559	183	466	491	394	171	2.263	195	2.458	5,2	421
1996	269.875	560	179	494	509	393	175	2.309	188	2.497	1,6	440
1997	272.292	569	174	536	533	404	177	2.395	193	2.587	3,6	456
1998	274.627	581	170	544	553	408	180	2.435	196	2.631	1,7	464
1999	276.881	590	168	550	573	415	182	2.479	199	2.678	1,8	472
2000	279.060	600	167	560	593	423	185	2.528	203	2.731	2,0	482
2001	281.163	610	165	572	612	428	188	2.576	207	2.783	1,9	491
2002	283.194	621	164	583	632	432	192	2.623	211	2.834	1,8	500
2003	285.153	631	163	595	652	437	195	2.672	215	2.886	1,8	509
2004	287.041	642	161	606	672	441	199	2.722	218	2.940	1,9	519
2005	288.852	653	160	618	694	446	203	2.774	222	2.996	1,9	528
2010	297.340	707	154	681	803	470	227	3.043	243	3.286	1,8	579
2015	305.283	762	150	741	920	493	259	3.324	264	3.588	1,8	633
2020	312.502	816	146	808	1.040	514	304	3.629	286	3.914	1,8	690

Tafla 5 Spá um almenna raforkunotkun, forgangsorka, greind niður á landshluta (*Rauntölur).

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
1985*	148	553	164	133	328	176	167
1986*	159	583	174	141	325	177	172
1987*	175	627	175	140	327	178	174
1988*	186	669	188	147	342	194	190
1989*	190	685	185	142	339	188	198
1990*	193	698	183	137	337	190	210
1991*	191	724	181	136	329	183	221
1992*	186	718	187	142	341	197	235
1993*	189	724	185	143	344	202	236
1994*	189	745	185	144	370	198	256
1995*	191	763	189	142	390	207	270
1996	193	779	188	143	393	210	271
1997	196	802	191	142	399	213	276
1998	198	824	193	143	405	215	284
1999	200	846	196	144	412	217	292
2000	203	869	199	146	419	220	303
2001	206	892	202	148	426	224	310
2002	208	916	205	150	434	227	316
2003	211	940	209	152	441	230	323
2004	215	966	212	154	449	233	330
2005	218	994	215	156	457	236	336
2010	236	1.133	232	167	499	251	369
2015	258	1.295	249	176	543	264	399
2020	285	1.472	265	183	592	275	425

Tafla 6 Spá um almenna raforkunotkun, forgangs- og ótryggð orka, greind niður á landshluta (*Rauntölur).

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
1985*	148	553	164	176	342	210	178
1986*	159	583	174	193	347	210	182
1987*	175	627	175	191	349	209	185
1988*	186	669	188	201	363	227	210
1989*	190	685	185	195	361	221	241
1990*	193	698	183	198	362	221	275
1991*	191	724	182	201	361	214	296
1992*	186	718	189	211	381	231	317
1993*	189	725	186	211	389	240	314
1994*	189	746	187	215	429	237	334
1995*	214	767	191	210	466	260	350
1996	219	783	189	214	468	274	349
1997	253	809	193	221	476	280	355
1998	255	831	195	220	483	282	364
1999	258	853	198	222	490	285	373
2000	260	876	201	225	497	288	385
2001	263	899	204	228	504	292	392
2002	266	923	208	231	512	295	400
2003	269	947	211	234	520	298	407
2004	272	973	214	237	528	302	415
2005	275	1.001	217	240	535	305	422
2010	294	1.140	235	256	578	323	460
2015	315	1.302	251	267	623	337	494
2020	343	1.479	267	278	672	350	525

4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1992

Áætluð notkun hefur heldur hækkað frá spánni sem kom út árið 1992 eins og fram kemur í töflum 7 og 8. Eins og áður er komið fram má aðallega rekja hækkunina til nýrra samninga um sölu á ótryggðri orku og þess að nú er búist við meiri hagvexti en miðað var við 1992.

Heimilisnotkun er áætluð heldur minni nú en í spánni frá 1992 aðallega vegna minni rafhitunar. Notkun í landbúnaði er meiri vegna aukinnar notkunar við ylrækt og vegna stærri markaðar fyrir landbúnaðarafurðir en gert er ráð fyrir og meiri fólksfjölda á landinu en í síðustu spá. Til lengri tíma litið lækkar þó spáin fyrir landbúnað, m.a. vegna þess að gert er ráð fyrir að innflutningur mæti aukinni neyslu grænmetis. Þegar hefur komið fram skýring á aukinni notkun í iðnaði og veitustarfsemi en notkun þjónustu var vanáætluð í rauntölunum og nú er einnig búist við meiri aukningu þar. Gert er ráð fyrir minni dreifitöpum en áður. Hafa ber í huga að notkun í veitustarfsemi hefur verið hækkuð á kostnað flutningstapanna, og kemur lækkun í flutningstöpum á móti hækkuninni í töflu 8 eins og sést einnig í töflu 7.

Eins og áður er komið fram er notkun nú áætluð heldur meiri á Suðurnesjum, Norðurlandi og Austurlandi en í spánni frá 1992 vegna nýrra samninga um ótryggða orku.

Tafla 7 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá.

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
1992*	50		-4		-2		44	
1993*	21	-13	34	7	-10	-7	45	-13
1994*	69	-8	28	7	-53	-8	44	-6
1995*	150	1	19	6	-61	-4	108	-4
1996	145	12	28	7	-54	-2	119	17
1997	192	21	409	119	-43	1	558	141
1998	195	21	946	104	-25	5	1.116	134
1999	198	21	977	108	-25	5	1.150	134
2000	211	24	1.019	113	-23	5	1.207	142
2001	218	25	1.019	113	-24	5	1.213	143
2002	226	26	1.019	113	-24	5	1.221	144
2003	232	27	1.019	113	-25	5	1.226	145
2004	239	28	1.019	113	-25	5	1.233	146
2005	246	28	1.019	113	-25	5	1.240	146
2010	283	33	1.019	113	-28	5	1.274	151
2015	307	36	1.019	113	-31	4	1.295	153
2020	329	38	1.019	113	-35	3	1.313	154

Tafla 8 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, greind niður á flokka.

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Afl-þörf MW
1992*	803	-14	8	7	20	15	3	38	12	50		-7
1993*	1.685	-9	18	-6	31	5	-1	37	-16	21		-13
1994*	2.206	-23	17	1	39	69	3	107	-38	69		-8
1995*	1.789	-30	21	39	44	86	3	162	-12	150		1
1996	2.472	-38	19	54	50	81	4	169	-24	145		12
1997	3.037	-38	15	85	61	88	4	216	-23	192		21
1998	3.507	-35	11	81	68	88	4	217	-22	195		21
1999	3.919	-35	10	77	75	92	3	222	-24	198		21
2000	4.280	-33	9	77	81	96	3	233	-22	211		24
2001	4.597	-32	7	79	87	97	3	241	-23	218		25
2002	4.878	-30	6	80	92	98	3	248	-22	226		26
2003	5.126	-30	5	82	97	99	2	255	-22	232		27
2004	5.342	-29	3	83	101	100	3	262	-23	239		28
2005	5.522	-28	2	85	105	102	2	269	-23	246		28
2010	6.345	-24	-2	98	125	109	1	307	-24	283		33
2015	7.300	-20	-4	108	136	117	-2	334	-27	307		36
2020	8.785	-17	-4	125	139	125	-10	360	-30	329		38

Tafla 9 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá, greind niður á landshluta.

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
1992*	-4	3	6	9	19	9	9
1993*	-6	-9	0	4	19	14	1
1994*	-8	-8	0	7	55	10	14
1995*	14	-2	3	0	87	31	17
1996	15	-9	-1	1	84	42	13
1997	46	-5	1	5	86	46	14
1998	45	-6	1	2	88	45	19
1999	44	-8	2	2	89	46	23
2000	43	-6	3	2	91	47	32
2001	43	-6	4	2	94	47	34
2002	42	-5	5	3	96	48	37
2003	41	-4	6	3	97	49	40
2004	41	-3	7	3	99	50	42
2005	40	-2	8	4	101	51	44
2010	38	-2	15	6	114	56	57
2015	32	3	22	4	127	57	63
2020	26	4	30	4	140	59	66

RITASKRÁ

Fiskifélag Íslands, 1993: "Útvegur 1992".

Fiskifélag Íslands, 1994: "Útvegur 1993".

Fiskifélag Íslands, 1995: "Útvegur 1994".

Hagstofa Íslands, 1992: "Landshagir 1992". Hagskýrslur Íslands III, 8.

Hagstofa Íslands, 1993: "Landshagir 1993". Hagskýrslur Íslands III, 15.

Hagstofa Íslands, 1994: "Landshagir 1994". Hagskýrslur Íslands III, 21.

Hagstofa Íslands, 1995 "Landshagir 1995". Hagskýrslur Íslands III, 32.

Hagstofa Íslands, 1996: "Hagtíðindi", 82. árgangur.

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 1993: "Hagtölur landbúnaðarins 1993".

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 1994: "Hagtölur landbúnaðarins 1994".

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 1995: "Hagtölur landbúnaðarins 1995".

Verkfræðistofan AFL, 1993: "Gagnagrunnur Orkuspárnefndar. Gögn um raforkuvinnslu og notkun. Útgáfa 1.0". VA93004.

Þjóðhagsstofnun, 1992: "Atvinnuvegaskýrsla 1990". Atvinnuvegaskýrslur nr. 45

Þjóðhagsstofnun, 1993: "Atvinnuvegaskýrsla 1991". Atvinnuvegaskýrslur nr. 48

Þjóðhagsstofnun, 1995: "Atvinnuvegaskýrsla 1992". Atvinnuvegaskýrslur nr. 50

Þjóðhagsstofnun, 1996: "Atvinnuvegaskýrsla 1993". Atvinnuvegaskýrslur nr. 52

Þjóðhagsstofnun, 1995: "Sögulegt yfirlit hagtalna". Þjóðarbúskapurinn nr. 19.

Þjóðhagsstofnun, 1995: "Þjóðarbúskapurinn. Framvinda 1994 og horfur 1995".
Þjóðarbúskapurinn nr. 18.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1996 (Lögð fram af forsætisráðherra hinn 2. október 1996).

VIÐAUKI 1

**Raforkunotkun ársins 1995 greind niður á
virkjanir og mánuði**

RAFORKUVINNSLA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1995 MWh

Stöð	Tegund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
Elitiðáar	VV	544	404	323	475	0	0	0	0	0	247	288	476	2.757
Rjúkandi		476	582	392	737	592	724	512	743	734	652	636	750	7.530
Andakill		1.944	1.267	1.468	3.777	3.277	3.231	1.478	2.896	2.402	1.856	1.781	4.294	29.671
Fossa- og Nónhornsvath		212	77	81	73	217	705	625	596	458	440	175	479	4.138
Reiðhjallavirkjun		21	6	17	18	29	307	381	344	230	169	144	174	1.840
Mjólík		3.071	2.547	2.792	3.631	3.071	4.689	5.515	5.943	4.984	4.729	4.495	5.412	50.879
Sængurfossárvirkjun		58	62	82	86	91	53	75	89	61	101	104	92	954
Blævardalsárvirkjun		45	9	9	22	68	91	71	58	75	47	76	75	646
Mýrarárvirkjun		11	5	5	13	0	32	9	29	34	13	19	12	182
Þverárvirkjun		161	0	338	534	265	949	1.028	917	240	4	149	624	5.209
Blanda		53.691	52.436	61.967	60.759	60.256	44.968	52.144	48.060	71.072	58.996	62.184	51.651	678.184
Laxárvath		162	111	156	235	344	294	337	297	193	154	167	321	2.771
Gönguskarðsá		477	275	260	449	761	644	736	779	597	685	637	663	6.963
Skeiðfoss		1.423	1.060	515	1.343	1.453	2.358	1.102	965	939	1.232	1.204	1.831	15.425
Garðsá		38	0	0	0	34	38	97	93	0	0	39	123	462
Laxá		11.351	11.185	11.334	13.457	14.160	12.977	10.975	5.482	8.099	12.378	12.738	13.335	137.471
Fjarðarselsvirkjun		60	28	31	46	97	123	107	122	103	112	98	77	1.004
Lagarfoss		4.532	1.279	935	3.748	5.608	5.258	5.628	5.779	5.615	5.747	4.052	5.460	53.641
Grímsá		1.024	580	532	1.009	2.227	2.166	2.293	1.328	589	1.983	1.269	1.367	16.367
Búðará		53	29	16	32	67	79	84	79	61	76	77	45	698
Smyrlabjargá		724	348	285	580	907	556	992	999	830	607	275	941	8.044
Sigalda		61.798	60.350	67.285	44.599	34.374	37.123	45.199	42.462	40.450	44.507	51.155	58.472	588.374
Hrauneyjafoss		92.471	90.229	100.087	70.724	59.455	64.703	76.409	79.216	66.819	70.634	79.275	89.992	940.014
Búrfell		139.734	123.266	138.166	136.174	148.230	140.580	123.062	123.190	139.222	149.668	147.764	151.528	1.660.584
Írafoss		21.442	19.447	20.943	21.786	21.762	20.531	21.265	22.509	19.446	20.320	19.758	22.504	251.713
Steingrímsstöð		9.134	8.516	9.402	8.958	9.417	9.025	9.393	8.867	8.229	9.157	7.649	8.969	106.716
Ljósafoss		9.390	8.657	8.889	9.027	9.261	8.417	7.858	9.582	9.207	9.066	8.393	8.201	105.948
Samtals		414.047	382.755	426.310	382.292	376.623	360.621	367.375	361.424	380.689	393.580	404.601	427.868	4.678.185
Svartsengi	JJ	11.137	10.562	11.701	11.145	6.661	5.602	6.288	7.183	6.498	11.321	9.555	9.572	107.225
Reykjanes		158	107	273	332	257	298	117	0	0	0	221	298	2.061
Kraflla		22.296	20.209	22.165	21.176	19.187	0	0	0	0	19.640	22.095	22.715	169.483
Bjarnafellag		1.917	1.730	1.922	1.767	973	0	0	0	0	0	1.178	1.982	11.469

30.10.1996

RAFORKUVINNSLA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1995 MW/h

LSVIAR.QEF

Stöð	Tegund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
Samtals		35.508	32.608	36.061	34.420	27.078	5.900	6.405	7.183	6.498	30.961	33.049	34.567	290.238
Straumsvík	EE	1	0	0	0	9	2	0	0	0	2	0	1	15
Hafnarfjörður		1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	6
Akranes		14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10	12	36
Ólafsvík		0	5	0	0	1	16	0	0	0	171	0	0	193
Grundarfjörður		1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Stykkishólmur		6	0	0	1	1	10	4	0	0	5	1	0	28
Búðardalur		0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	2	0	3
Ísafjörður, Mjósund		720	54	50	0	11	41	0	204	4	621	421	2	2.128
Bolungarvík		419	36	34	1	9	25	0	54	4	516	158	1	1.257
Flatey		9	7	8	7	7	13	20	8	8	10	9	11	117
Reykholar		6	3	4	2	1	3	0	11	2	39	0	0	71
Patreksfjörður		272	15	11	0	1	0	0	7	0	207	55	1	569
Sveinseyri		30	1	0	0	0	0	0	0	0	21	1	0	53
Bíldudalur		74	5	3	0	0	0	0	0	0	47	0	3	132
Píngeyri		147	12	4	0	0	0	0	0	0	132	0	1	296
Flateyni		105	12	13	0	2	10	0	3	2	75	8	4	234
Suðureyri		76	8	8	0	2	8	1	2	1	62	18	0	186
Súðavík		81	12	13	4	0	3	0	0	1	123	6	33	276
Reykjanes		98	117	112	73	7	0	0	0	4	32	6	26	475
Drangsnæs		33	7	2	3	0	0	1	8	6	4	2	0	66
Hólmavík		18	21	4	1	1	1	1	1	8	3	8	3	70
Siglufjörður		0	0	5	0	0	0	0	0	0	87	33	10	135
Sauðárkrúkur		0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	2	0	3
Sauðárkrúkur		0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1
Hvammstangi		4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4
Laxárvathn		2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4
Skagaströnd		1	1	2	0	1	0	1	0	1	38	1	1	47
Hofsós		0	0	0	0	0	0	0	0	0	51	0	0	51
Akureyri, Rangárvellir		0	0	0	0	0	0	0	0	1	14	0	0	15
Húsavík		0	0	0	0	0	0	12	0	0	0	0	0	12
Ólafsfjörður		0	0	0	0	0	0	2	0	0	23	26	0	51

Stöð	Tegund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
Grímsey		64	57	61	53	52	42	48	46	50	54	58	57	642
Hrísey		4	1	0	0	0	0	1	0	0	11	0	0	17
Grenivík		3	0	0	0	0	0	0	0	0	48	0	0	51
Raufarhöfn		3	0	0	0	7	0	0	0	4	98	24	5	141
Þórshöfn		4	31	0	1	17	0	0	0	5	329	44	36	467
Gámvél, NLE		3	0	0	0	0	2	1	10	4	17	6	2	45
Seyðisfjörður		15	0	0	0	9	10	3	31	1	0	2	1	72
Neskaupstaður		0	1	0	0	0	21	15	2	3	20	0	2	64
Bakkafjörður		1	4	0	0	3	0	0	0	0	50	27	7	92
Vopnafjörður		0	0	3	9	0	3	6	0	0	0	0	4	25
Bakkagerði		0	0	0	1	0	0	0	0	0	2	0	0	3
Mjólfjörður		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reyðarfjörður		9	9	9	0	0	0	0	0	0	0	9	9	45
Fáskrúðsfjörður		2	0	0	0	0	8	6	0	2	2	0	1	21
Stöðvarfjörður		0	0	0	0	0	1	2	0	0	0	0	0	3
Breiðdalsvík		1	0	1	0	0	0	0	0	15	0	3	1	21
Djúpvogur		1	0	0	0	0	0	2	1	0	1	0	0	5
Höfn Hornafirði		2	1	2	0	1	0	0	0	8	1	1	1	17
Vestmannaeyjar		1	33	0	0	21	0	0	0	0	0	0	9	64
Selfoss		11	39	0	0	0	2	0	0	0	1	22	1	76
Vík í Mýrdal		0	3	10	0	0	0	0	0	0	0	4	0	17
Kirkjubæjarklaustur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Gámvél, SL		0	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9
Samtals		2.242	507	360	156	163	221	128	388	134	2.917	967	250	8.433

ALLS	451.797	415.870	462.731	416.868	403.864	366.742	373.908	368.995	387.321	427.458	438.617	462.685	4.976.856
------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	-----------

VIÐAUKI 2

**Raforkunotkun ársins 1995 greind niður á
notkunarflokkum og rafveitur**

ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1995 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

Nr.	Notkunarflokkur	LV MWh	HS MWh	RHA MWh	RR MWh	RARIK MWh	RAKR MWh	OV MWh	RSA MWh	RAKU MWh	RHU MWh	RRE MWh	BV MWh	SV MWh	RHV MWh	AV MWh	Samtals MWh
0	Óflokkað	0	0	0	0	0	58	0	0	0	0	0	0	37	12	0	107
101	Búrekstur og hitun	0	0	0	0	45.375	0	1.613	0	74	0	0	0	0	0	0	47.062
102	Búrekstur og súgburkun	0	0	0	0	1.666	0	169	0	0	0	0	0	0	0	0	1.836
103	Búrekstur og mjólkurkæling	0	0	0	4	3.435	0	34	0	16	0	0	0	0	0	0	3.490
104	Búrekstur, hitun og súgburkun	0	0	0	0	19.230	0	665	0	0	0	0	0	0	0	0	19.894
105	Búrekstur, hitun og mjólkurk.	0	0	0	0	23.233	0	583	0	0	0	0	0	0	0	0	23.816
106	Búrekstur, súgþ. og mjólkurk.	0	0	0	0	8.014	0	98	0	0	0	0	0	0	0	0	8.111
107	Búr., hitun, súgþ. og kæling	0	0	0	0	46.209	0	1.786	0	0	0	0	0	0	0	0	47.996
108	Búrekstur	0	0	0	144	3.962	27	4.169	0	281	15	0	0	92	0	0	8.689
109	Fiskrækt	0	16.577	0	524	13.141	0	1.147	28	0	45	0	0	0	0	0	31.462
112	Afluglabú	0	441	0	1.366	2.473	0	25	0	0	0	30	65	0	0	0	4.400
113	Svinabú	0	292	0	494	1.368	0	84	0	86	0	0	0	0	0	0	2.325
115	Loðýrabú	0	38	0	55	845	0	24	70	0	0	0	0	0	0	0	1.032
116	Garðyrkja og yfrækt	0	1	0	1.531	7.545	3	4	5	202	0	0	0	0	4.584	0	13.875
117	Fóðurframleiðsla	0	0	0	2.740	497	0	1	451	3.261	30	0	0	164	0	0	7.144
118	Grasnjólsverksmíður	0	0	0	284	1.507	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.791
121	Skógræktarstöðvar	0	0	0	227	433	1	0	0	2	0	0	0	0	0	0	662
122	Fiskveiðar	0	183	391	825	4.079	251	1.136	94	115	163	149	1.701	48	0	0	9.135
123	Sportveldi	0	0	5	0	1.031	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	1.039
300	Grjótnám, malarnám o.s.frv.	0	593	0	23	199	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	814
410	Sláturhús og kjötoðnaður	0	0	615	2.595	9.647	0	709	69	1.736	1.079	379	8	1.534	26	0	18.396
420	Mjólkurtoðnaður	0	0	0	9.738	3.129	0	153	397	6.759	409	0	0	13.093	692	0	34.370
431	Fiskrýsting	0	9.942	2.331	7.611	47.220	3.921	21.434	2.663	5.821	2.337	1.471	6.983	910	0	0	112.643
432	Saltfisk- og skreiddarf.	0	2.506	1.166	7	11.772	196	1.605	106	83	38	0	211	123	0	0	17.812
440	Síðarsöðunarsstöðvar	0	3	0	0	912	0	0	0	0	0	117	0	0	0	0	1.031
450	Niðurlagningarverksmíður	0	46	456	382	200	68	116	0	2.274	23	0	201	0	0	0	3.766
460	Brauð- og kökugerð	0	480	872	10.270	2.267	226	496	106	1.445	219	186	197	209	144	0	17.136
470	Kexgerð	0	0	0	525	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	525

ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1995 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

Nr.	Notkunarflokkur	LV MWh	HS MWh	RHA MWh	RR MWh	RIARIK MWh	RAKR MWh	OV MWh	RSA MWh	RAKU MWh	RHU MWh	RRE MWh	BV MWh	SV MWh	RHV MWh	AV MWh	Santals MWh
480	Sælgaðisgerð	0	0	993	2.332	32	0	0	0	297	0	0	0	0	0	0	3.654
491	Drykkjavörðnaður	0	0	15	5.032	0	0	0	0	2.418	0	0	0	0	0	0	7.465
492	Annar matvæðiaðnaður	0	67	359	3.387	1.038	64	1	0	169	0	0	0	0	0	0	5.083
510	Vefjaðnaður	0	0	0	4.557	61	0	0	2	9.072	0	0	0	0	247	0	13.939
520	Fataðnaður	0	6	0	933	373	77	2	39	54	10	0	0	24	0	0	1.518
530	Ledur- og skóðnaður	0	0	0	26	39	0	0	652	1.924	0	0	0	4	0	0	2.645
540	Veðtafærgerð	0	0	28	0	0	63	0	0	40	0	30	0	0	0	0	162
610	Timbur- og korkiðnaður	0	676	296	3.410	1.139	0	0	102	276	96	0	0	332	3	0	6.330
620	Pappa- og pappírsvörgerð	0	0	360	4.875	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5.235
630	Prentun, útgáfa og skyld fr.	0	68	335	11.580	136	20	39	15	275	10	0	41	61	0	0	12.579
700	Gummivörðnaður	0	0	0	155	51	0	0	0	186	0	0	0	0	48	0	440
820	Plastiðnaður	0	126	798	651	1.068	0	0	0	275	0	0	59	1.257	5	0	4.239
821	Framl. úr oliu og kolum	0	0	519	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	519
831	Áburðarvinnsla	126.304	0	0	0	0	0	1.487	0	0	0	0	0	0	0	0	127.791
832	Hvalvinnsla	0	0	298	0	117	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	415
833	Lifrabræðsla og fl.	0	0	0	664	61	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	725
834	Fiskimjölsverksmiðjur	0	25.151	0	1.084	32.925	1.799	2.090	0	22.529	0	1.007	4.285	6	0	0	90.877
835	Málingar-, lakk- og limgerð	0	0	0	497	0	0	0	0	35	0	0	0	0	0	0	532
839	Efnaðnaður ótalinn a. staðar	0	6	166	5.880	577	0	23	0	356	0	0	0	0	0	0	7.007
920	Gleríðnaður	0	0	147	196	65	0	0	0	33	0	0	0	0	0	0	442
930	Leirsmíði og postulínsíðnaður	0	0	31	305	45	0	10	0	13	0	0	0	1	0	0	405
940	Sementisgerð	0	0	0	773	0	11.469	0	0	8	0	0	0	0	0	0	12.250
950	Kísígúrframleiðsla	0	0	0	0	13.465	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	13.465
960	Steinullargerð	0	0	0	0	0	0	0	19.694	0	0	0	0	0	0	0	19.694
990	Steinsteypugerð	0	152	485	957	921	36	120	42	277	0	0	54	15	0	0	3.059
1010	Járnblendiliðnaður	634.910	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	634.910
1020	Undirstöðu. úr járn og stáli	795	0	784	131	2	0	0	0	703	0	0	0	0	0	0	2.415
1110	Alíðnaður	1.629.043	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.629.043

ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1995 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

Nr.	Notkunarflokkur	LV MWh	HS MWh	RHA MWh	RR MWh	RARIK MWh	RAKR MWh	OV MWh	RSA MWh	RAKU MWh	RHU MWh	RRE MWh	BV MWh	SV MWh	RHV MWh	AV MWh	Samtals MWh
1120	Undirstöðu- úr járnkenndum m	0	0	0	0	0	0	0	0	15	0	0	0	0	0	0	15
1210	Framleiðsla véla og tækja	0	341	374	2.526	159	0	198	0	45	0	0	50	0	6	0	3.698
1220	Framleiðsla raf-tækja	0	0	57	198	76	0	74	0	0	0	0	0	0	0	0	405
1230	Skipsarmiði	0	591	522	1.300	523	513	258	0	2.344	3	0	1.008	0	0	0	7.062
1240	Framleiðsla samgöngutækja	0	0	0	37	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	37
1300	Framleiðsla, ótalinn a.s.	0	1.245	102	723	2.471	0	0	0	395	0	60	0	1.249	0	0	6.245
1400	Byggingarstarfsemi og op. fr.	0	253	480	11.980	468	340	2.128	243	109	40	0	29	128	3	0	16.201
1501	Rarík, notkun í stöðvum	0	0	0	0	7.411	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7.411
1502	Rarík	0	0	0	0	1.579	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.579
1511	Rafveitur	71.667	0	0	5.267	37	182	95	11	815	40	0	36	11	0	281	78.442
1512	Hita-veitur	31.520	17.288	231	47.234	11.888	324	294	768	15.379	87	0	1.202	2.273	108	382	128.977
1513	Rafhita-veitur	0	0	0	10	42.678	0	62.685	0	0	0	0	60.682	0	0	0	166.056
1521	Vatns-veitur	0	447	112	4.363	5.110	48	309	0	105	0	116	130	111	195	0	11.066
1522	Sjúkrahús og ellíheimili	0	1.045	1.982	24.814	11.544	520	1.914	552	2.851	596	0	515	614	300	0	47.249
1523	Skólar	0	811	1.317	18.112	13.739	691	3.001	514	1.797	137	40	258	607	57	0	41.082
1524	Sundlaugar og íþróta-hús	0	1.487	1.224	9.517	6.300	1.348	1.264	277	1.245	240	118	489	193	190	0	23.892
1525	Keflavíkurf. og önnur NATO	0	74.055	0	570	2.596	0	881	0	0	0	0	0	0	0	0	78.102
1527	Félagsheimili	0	228	278	2.778	5.489	80	975	83	276	26	24	165	22	14	0	10.437
1528	Kirkjur	0	308	498	1.598	3.338	8	545	21	233	6	96	71	145	7	0	6.875
1529	Dagheimili, leikskólar	0	227	229	2.261	1.051	40	363	31	227	18	5	32	60	15	0	4.558
1540	Önnur op. þjónusta	0	1.481	1.176	28.003	5.797	233	3.734	194	2.055	184	797	798	626	28	0	45.106
1600	Óflokkað	0	0	0	0	706	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	711
1611	Heildverslun	0	9	461	8.787	571	0	214	31	448	26	53	461	0	0	0	11.061
1612	Smásöluverslun	0	3.855	4.593	46.895	17.698	1.795	3.383	929	4.613	877	416	1.573	2.315	830	0	89.772
1621	Veitingastaðir	0	1.842	1.177	12.668	2.361	146	634	47	1.416	41	0	160	645	127	0	21.265
1622	Gististaðir	0	373	31	4.404	4.503	0	663	72	823	118	30	131	14	435	0	11.596
1631	Samgöngur, ekki rafknúnar	0	6.583	173	21.927	1.673	2	592	160	484	11	0	905	71	0	0	32.580
1632	Póstur og sími	0	414	230	9.483	4.511	93	961	108	340	97	36	213	190	0	0	16.678

ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1995 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

Nr.	Notkunarflokkur	LV MWh	HS MWh	RHA MWh	RR MWh	RARIK MWh	RAKR MWh	OV MWh	RSA MWh	RAKU MWh	RHU MWh	RRE MWh	BV MWh	SV MWh	RHV MWh	AV MWh	Samtals MWh
1641	Peningastofnanir	0	620	375	11.532	2.336	208	536	91	508	92	84	198	201	45	0	16.826
1642	Tryggingar	0	28	30	3.303	80	23	16	18	47	8	70	21	73	0	0	3.716
1643	Þjónusta við atvinnurekstur	0	1.261	0	5.013	4.193	0	24	18	358	48	769	342	38	5	0	12.069
1650	Heilbrigðisþjónusta einkaa.	0	318	26	2.738	46	87	11	17	396	0	17	0	63	660	0	4.378
1660	Meningarmál	0	713	291	13.025	5.835	155	385	55	464	35	103	310	210	0	0	21.581
1670	Önnur þjónusta og handið	0	1.447	5.473	45.874	4.634	830	3.399	377	5.380	487	348	594	629	196	0	69.676
1811	Götu- og hafnalýsing	0	1.304	3.703	21.341	5.623	727	34	134	2.113	600	170	770	24	344	0	36.886
1812	Rafmagn til skipa	0	0	1.034	2.383	5.172	730	2.164	166	1.107	400	67	774	0	0	0	13.997
1910	Almenn heimilism. án rafrita	0	19.302	23.471	181.689	41.211	6.879	10.403	3.135	18.514	3.209	1.019	5.923	7.356	2.501	0	324.612
1920	Almenn heimilism. með rafrita	0	20	0	34	5.262	0	419	0	0	0	0	0	0	0	103	5.838
1930	Sérmæld rafhitun íbúðarhúsn.	0	3.228	999	3.721	132.338	1.588	43.190	2	6.231	56	5.990	5.829	475	0	0	203.647
1940	Sumarústaðir	0	118	25	1.286	22.048	0	1.078	0	0	0	0	1	162	25	0	24.744
Sala til endanlegra notenda		2.494.239	198.596	62.124	644.184	694.579	35.872	186.650	32.589	132.228	11.966	13.797	97.475	36.415	11.852	766	4.653.325
Sala til rafveitna		2.026.745	0	0	0	236.167	0	0	0	0	0	0	0	0	0	49.104	2.312.016
Eigin framleiðsla 1994		4.649.986	109.286	6	2.757	114.440	36	69.778	1	0	12	743	64	76	0	29.671	4.976.856
Kaup frá heildsala		0	104.559	67.280	681.466	905.775	36.688	142.416	34.078	139.688	13.129	13.438	99.800	40.676	12.522	20.501	2.312.016
Vinnsla einkaveitu v. sölu til rafveitu		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	718	718
Orkuðflun		4.649.986	213.845	67.286	684.223	1.020.215	36.724	212.194	34.079	139.688	13.141	14.181	99.864	40.752	12.522	50.890	
Töp og ómæld notkun, MWh		129.002	15.249	5.162	40.039	89.469	852	25.544	1.490	7.460	1.175	384	2.389	4.337	670	1.020	324.242
Töp og ómæld notkun, % af orkuðflun		2,8	7,1	7,7	5,9	8,8	2,3	12,0	4,4	5,3	8,9	2,7	2,4	10,6	5,4	2,0	6,5

- LV: Landsvirkjun

HS: HlitaVeita Suðurnesja

RHA: Rafveita Hafnarfjarðar

RR: Rafmagnsveita Reykjavíkr

RARIK: Rafmagnsveitur ríkisins

RAKR: Rafveita Akraness

OV: Orkubú Vestfjarða
- RSA: Rafveita Sauðárkróks

RAKU: Rafveita Akureyrar

RHU: Rafveita Húsavíkur

RRE: Rafveita Reyðarfjarðar

BV: Bæjarveitur Vestmannaeyja

SV: Selfossveitur

RHV: Rafveita Hveragerðis

AV: Andakísárvirkjun og aðrir

VIÐAUKI 3

**Raforkunotkun ársins 1995 greind niður á
notkunarflokkum og landshluta**

Nr. Notkunarflokkur	Hópur	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland	Austurland	Suðurland	Samtals
0 Öflokkað	Annað	0	0	58	0	0	0	49	107
109 Fiskrækt		16.577	524	172	1.147	10.144	361	2.537	31.462
122 Fiskveiðar		183	1.216	1.557	1.136	1.051	1.250	2.743	9.135
123 Sportveiði		0	5	628	0	306	101	0	1.039
1525 Keflavíkurf. og önnur NATO		74.055	570	662	881	776	1.158	0	78.102
1811 Götu- og hafnalýsing		1.304	25.044	1.811	34	4.642	2.012	2.038	36.886
1812 Rafmagn til skipa		0	3.417	1.463	2.164	3.518	2.186	1.249	13.997
Samtals		92.118	30.776	6.352	5.362	20.437	7.067	8.615	170.728
1910 Almenn heimilísn. án rafhita	Heimili	19.302	205.171	15.015	10.326	39.022	14.067	21.708	324.612
1920 Almenn heimilísn. með rafhita		20	34	2.230	396	1.334	1.297	527	5.838
1930 Sérmeið rafhitun íbúðarhúsn.		3.228	4.817	39.107	42.827	37.237	62.676	13.755	203.647
1940 Sumarbústaðir		118	2.235	7.372	1.032	2.645	1.387	9.956	24.744
Samtals		22.668	212.257	63.723	54.580	80.239	79.427	45.946	558.840
117 Fóðurframleiðsla	löndur	0	2.740	2	1	4.035	146	219	7.144
118 Grasmjölsverksmiðjur		0	284	321	0	301	19	866	1.791
300 Grjótnám, malarnám o.s.frv.		593	23	74	0	0	0	125	814
410 Sláturhús og kjötlöndur		0	3.209	2.406	709	5.298	1.990	4.784	18.396
420 Mjólkurlöndur		0	9.738	1.872	153	8.051	769	13.786	34.370
431 Fiskfrysting		9.942	9.942	13.198	21.434	29.475	16.706	11.946	112.643
432 Saltfisk- og skreiðarf.		2.506	1.173	4.533	1.605	3.424	3.344	1.228	17.812
440 Síðarsöltunarstöðvar		3	0	0	0	0	1.029	0	1.031
450 Niðurlagningarverksmiðjur		46	838	187	116	2.379	0	201	3.766
460 Brauð- og kökugerð		480	11.142	835	496	2.559	861	763	17.136
470 Kexgerð		0	525	0	0	0	0	0	525
480 Sælgætisgerð		0	3.325	0	0	297	1	32	3.654
491 Drykkjarvöruöndur		0	5.047	0	0	2.418	0	0	7.465
492 Annar matvælaöndur		67	3.746	389	1	356	50	476	5.083
510 Veifaröndur		0	4.557	0	0	9.094	21	267	13.939
520 Fataöndur		6	933	118	2	226	24	209	1.518
530 Leður- og skólaöndur		0	26	8	0	2.607	0	4	2.645

30.10.1996

